

annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnar-sjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Afla-gjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

27. gr.

Á öll verð skv. verðskrá þessari, nema leigugjöld skv. 20. gr., er lagður 24,5% virðis-aukaskattur sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

28. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veði í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

IV. KAFLI

**Gildistaka.**

29. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Húsavíkurhöfn er samþykkt af hafnarnefnd Húsavíkurbæjar 19. október 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Húsavíkurhöfn frá 1. júlí 2004.

*Húsavík, 15. desember 2004.*

Hafnarstjórinn á Húsavík,

**Reinhard Reynisson.**

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Fljótsdalshéraði.

*Athafna- og iðnaðarsvæði við Miðás og Brúnás á Egilsstöðum.*

Bæjarstjórn Austur-Héraðs samþykkti þann 15. október 2003 deiliskipulag fyrir athafna- og iðnaðarsvæði við Miðás og Brúnás á Egilsstöðum.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Egilsstöðum, 21. desember 2004.*

**Þórhallur Pálsson** skipulagsfulltrúi.